

**43. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 8. mars og hófst hann kl. 09:00.****Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir.  
Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

**Dagskrá**

1. Strætó, reglur
2. Fundargerðir
3. Erindi til hreppsnefndar
4. Sameiningarsamtöl
5. Ásaljós, náttúruhamfaratrygging opinberra mannvirkja
6. Næsti fundur hreppsnefndar

**Gengið til dagskrár:****1. Strætó, reglur**

Lagt fram minnisblað vegna strætókorta fyrir almenningssamgöngur. SASS og Strætó bs. eru í samstarfi við Ásahrepp að vinna að útfærslu á reglum sem gera skólabörnum upp að 18 ára aldri, öryrkjum og eldri borgurum kleift að ferðast frítt með strætó.

Frí strætókort/miðar eru bundin því að viðkomandi sé með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi. Megin markmið strætókortanna er að auka valfrelsi, jafnrétti og að hvetja íbúa til að nýta sér þægilegan og umhverfisvænan ferðamáta sem er samfélagslega hagkvæmur.

Verið er að kanna möguleika á útgáfu frístundarkorta á Suðurlandi fyrir börn, aldraða og öryrkja.

Meðan verið er að vinna að úrlausn geta íbúar nálgast strætómiða á skrifstofu Ásahrepps.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna að endanlegri útfærslu og kynna fyrir íbúum.

**2. Fundargerðir****a) 127. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 9. febrúar sl.**

Lagt fram til kynningar.

**b) 128. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 23. febrúar sl.**

Lagt fram til kynningar.

**c) 12. fundur stjórnar Odda bs., haldinn 27. febrúar sl.**

Lagt fram til kynningar.

**d) 41. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., haldinn 27. febrúar sl. liður II. þarfnast umfjöllunar.****Liður II Önnur mál**

*Nýjar reglur um gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu*

*Samþykkt*

*Matsviðmið fyrir félagslegt leiguhúsnaði og sérstakan húsnaðisstuðning*

*Samþykkt*

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu félagsmálanefndar.

**e) 23. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu haldinn 1. mars sl.**

Lagt fram til kynningar.

**f) 1. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga bs., haldinn 7. febrúar sl.**

Lagt fram til kynningar.

**g) Fundur fjallskiladeildar Holtamannafréttar, haldinn 13. febrúar sl. liður 1 og 3 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 1**

Heildarkostnaður við leitir 2016 án húsnæðis 3.859.215,-.

Hlutur Ásahrepps 2.205.266,-.

Hlutur Rangárþings Ytra 1.653.949,-.

Tillaga að álagningu fjallskila:

Gjöld verða óbreytt frá fyrra ári .

Gjald fyrir land verður 11.500,-.

Gjald fyrir rekna kind 260,-.

Gjald fyrir ásett fé 260,-.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu að álagningu. Álögð gjöld frá fyrra ári í Ásahreppi voru samtals 838.350 kr. Samþykkt að styrkja fjallskiladeild fyrir árið 2016 um 1.366.916 kr., bókast á lið 13-02 Landbúnaður.

**Liður 3**

Heimtur af afréttinum voru með lakasta móti sl. haust. Grunur er um að veiðimenn/ferðamenn með hunda geti verið skýring. Fjallskilanefnd fer fram á við hreppsnefnd að sett verði bann á lausagöngu hunda á afréttinum að undanskyldum smalahundum við skipulagðar smalanir.

Sveitarstjóra falið skoða málið í samstarfi við fjallskiladeild.

**h) 14. fundur Húsakynna bs., haldinn 3. mars sl.**

Lagt fram til kynningar.

**3. Erindi til hreppsnefndar**
**a) Beiðni frá Team Spark - Formula Student um styrk til að þróa, hanna og smíða eins manns rafmagnsknúinn kappakstursbíl frá grunni.**

Erindinu hafnað.

**b) Beiðni um styrk frá Krafti - Lífið er núna. Kraftur styður við bakið á ungu fólki sem greinst hefur með krabbamein.**

Samþykkt að veita styrk fyrir 10.000 kr. Bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

**c) Beiðni um styrk frá félagi Einstakra barna. Einstök börn er stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa, og alvarlega sjúkdóma eða skerðingar.**

Samþykkt að veita styrk fyrir 10.000 kr. Bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

**d) Styrkbeiðni frá Daða Frey Péturssyni til að borga upp í flug og keyrslu vegna þátttöku í Söngvakeppni Sjónvarpsins**

Ásahreppur er ekki með neinn slíkan styrk, erindinu hafnað en hreppsnefnd bendir á að sækja um í Uppbyggingarsjóð Suðurlands.

**e) Ósk um umsögn við erindisbréfi og tilnefningu á ungmennum í Ungmennaráð Suðurlands.**

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi drög að erindisbréfi.

Sveitarstjóra falið að vinna máið áfram.

**f) Styrkbeiðni frá Neistanum, styrktarfélag hjartveikra barna - 1. tbl. 2017.**

Samþykkt að kaupa kveðju fyrir 9.000 kr. Bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

**g) Styrkbeiðni frá Birtu - Landsamtök foreldra sem hafa misst börnin sín skyndilega.**

Samþykkt að veita styrk fyrir 10.000 kr. Bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

**h) Afgreiðsla umsóknna til Landbótasjóðs 2017, Landgræðsla Ríkisins.**

Alls bærust sjóðnum 86 umsóknir. Ákveðið hefur verið að veita Ásahreppi styrk fyrir 2.110.000 kr. fyrir áburði til dreifingar á 192 ha.

Samþykkt að vísa erindinu til afgreiðslu í fjallskiladeild Holtamannaafreftar.

**i) Styrkbeiðni frá Karlakór Rangæinga um auglýsingu í söngskrá kórsins fyrir árið 2017.**

Samþykkt að kaupa auglýsingu fyrir 25.000 kr. Bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

**4. Sameiningarsamtöl**

Á 41. fundi hreppsnefndar þann 11. janúar sl. samþykkti hreppsnefnd að taka þátt í samtalshópi með Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra, Flóahreppi og Skeið- og Gnúpverjahreppi um hvort

## Hreppsnefnd

sveitarfélögin ættu að sækja um styrk til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að láta greina tækifæri og ógnanir sameininga sveitarfélaganna. Flóahreppur samþykkti ekki að fara í slíkar viðræður og Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur samþykkt að láta staðar numið í viðræðum. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti að sótt verði um styrk til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að láta greina tækifæri og ógnanir sameininga í Rangárvallasýslu.

### 5. Ásaljós, náttúruhamfaratrygging opinberra mannvirkja

Lögð fram skrá frá Viðlagatryggingu Íslands með enduröflunarverði ljósleiðarakerfisins. Skyld er að tryggja fjarskiptamannvirki í eigu hins opinbera þótt þau séu ekki brunatryggð, skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi skrá.

### 6. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður miðvikudaginn 12. apríl nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

#### Til kynningar:

- A. Náum áttum: Einmanaleiki og líðan ungmenna.
- B. Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum: Innleiðing öryggisstefnu, framkvæmd áhættumats og áhættumeðferð. Námskeið 16. og 17. mars nk.
- C. Orlof húsmæðra 2017.
- D. Ytra mat á Grunnskólanum Hellu.
- E. Fundargerð 24. fundar stjórnar Bergrisans bs.
- F. Nefndasviði Alþingis - 106. mál til umsagnar.
- G. Boð á opinn fund - Skattar, skerðing og húsnæði: Opinn fundur kjarahóps ÖBÍ.
- H. Niðurstöður úttektar Evrópumíðstöðvar á menntun án aðgreiningar á Íslandi.
- I. Vísindadagur OR samstæðunnar 14. mars.
- J. Kynningarefni fyrir Íslandsmót iðn- og verkgreina 16. - 18. mars 2017.
- K. Fundargerð 847. fundar stjórnar sambandsins.
- L. Boð á vígslu Hamars, verknámshúss Fjölbautaskóla Suðurlands.
- M. Boðun XXXI. landsþings sambandsins.
- N. Fundur oddvita og sveitarstjóra í Rangárvallasýslu, haldinn 1. nóvember sl.
- O. Upplýsingaréttur almennings: Úrlausn lagalegra álitafna.
- P. Útgáfa heildarkjarasamninga og yfirlit samstarfsnefndafunda, Félag leikskólakennara.
- Q. fundargerð 252. fundar Sorpstöðvar Suðurlands.
- R. Kí Eplið - skólamál, kjaramál og margt fleira.
- S. Miðlunartillaga-Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.
- T. Veraldarvinir – Worldwide Friends Iceland.
- U. Niðurstöður PISA 2012 og 2015 í skólunum fimm á þjónustusvæði Skólalþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu.
- V. Vefrit skólaskrifstofa í janúar og febrúar 2017.
- W. Auglýst eftir efni um jafnrétti í skólastarfi.
- X. Fundur oddvita og sveitarstjóra í Rangárvallasýslu haldinn 28. febrúar sl.
- Y. Innleiðing á nýjum námsmatskvarða við lok grunnskóla.
- Z. Til umsagnar 128. mál frá nefndasviði Alþingis.
- AA. 516. fundur stjórnar SASS.
- BB. Fundargerðir samstarfsnefnda SNS.
- CC. Fundargerð 177. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- DD. Landstólpinn 2017.
- EE. Tilkynning frá Ungmennafélagi Íslands: Opnað fyrir umsóknir um landsmót.
- FF. 1511244SA - Endurskoðun samninga við Fjölís.
- GG. Fundur um málefni Þjóðlenda.
- HH. Málshöfðun gegn íslenska ríkinu og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, LEX lögmansstofa.

## Hreppsnefnd

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.  
Fleira ekki gert.  
Fundu slitið kl. 10:42

---

Elín Grétarsdóttir (sign)

---

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

---

Karl Ölvisson (sign)

---

Egill Sigurðsson (sign)

---

Nanna Jónsdóttir (sign)